



# AÐALSKIPULAG FJALLABYGGÐAR 2008-2028

Endurskoðun

**SKIPULAGS- OG MATSLÝSING**

4. september 2017



**TEIKNISTOFA  
ARKITEKTA**  
GYLFI GUÐJÓNSSON  
OG FÉLAGAR ehf.  
arkitektar faí

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>YFIRLIT</b> .....	<b>2</b>
1.1	HVAÐ ER AÐALSKIPULAG? .....	2
1.2	ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS .....	2
1.3	FRAMVINDA .....	2
1.4	SKIPULAGSSVÆÐIÐ .....	4
1.5	VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR .....	5
	<i>Viðfangsefni</i> .....	5
	<i>Áherslur</i> .....	6
<b>2</b>	<b>HELSTU FORSENDUR</b> .....	<b>7</b>
2.1	SAMFÉLAGSLEG ÞRÓUN .....	7
2.2	BYGGÐAÞRÓUN .....	9
2.3	EFTNAHAGSLEG ÞRÓUN.....	10
2.4	GRUNNÁSTAND UMHVERFIS .....	10
	<i>Staðhættir</i> .....	10
	<i>Náttúrufar</i> .....	11
	<i>Vatnsverndarsvæði</i> .....	12
	<i>vatnsgæði</i> .....	12
	<i>Meningarminjar</i> .....	13
	<i>Náttúruvár</i> .....	13
2.5	SAMGÖNGUMÁL OG VEITUR.....	14
2.6	LÝÐHEILSA OG HEILSUSTEFNA.....	15
2.7	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR OG STEFNUR .....	15
	<i>Aðalskipulag</i> .....	15
	<i>Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024</i> .....	15
	<i>Aðalskipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga</i> .....	16
	<i>Meningarstefna Fjallabyggðar</i> .....	16
	<i>Fristundastefna Fjallabyggðar</i> .....	17
2.8	AÐRAR ÁÆTLANIR.....	17
	<i>Byggðaaáætlun 2014- 2017</i> .....	17
	<i>Samgönguáætlun 2011 – 2022</i> .....	17
	<i>Náttúruminjaskrá</i> .....	18
	<i>Hættumat vegna ofanflóða</i> .....	18
	<i>Velferð til framtíðar – sjálfbær þróun í íslensku samfélagi</i> .....	18
2.9	ALÞJÓÐLEGAR STEFNUR .....	18
	<i>Ramsarsamningurinn um votlendi</i> .....	18
	<i>Samningur um líffræðilega fjölbreytni</i> .....	19
<b>3</b>	<b>MATSLÝSING</b> .....	<b>20</b>
3.1	ÁHRIFAVALDAR, VALKOSTIR OG SAMRÁÐ.....	20
3.2	UMHVERFISÞÆTTIR, MAT OG SAMRÁÐ.....	20
3.3	VIÐMIÐ OG UMHVERFISVERNDARMARKMIÐ .....	21
<b>4</b>	<b>KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI</b> .....	<b>22</b>
4.1	TÍMAÁÆTLUN .....	22
4.2	UMSAGNARADILAR.....	23
4.3	ÁBENDINGAR, TILLÖGUR OG SJÓNARMÍÐ .....	23
<b>5</b>	<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>23</b>

# 1 YFIRLIT

---

## 1.1 HVAÐ ER AÐALSKIPULAG?

Aðalskipulag sveitarfélags er vettvangur stefnumótunar sveitarstjórnar um mikilvæg viðfangsefni sem snerta þróun þess. Stefnan skal unnin í samráði við íbúa og sett fram á skýran hátt. Aðalskipulagi er ætlað að stuðla að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna, miðla málum milli ólíkra hagsmuna þeirra sem búa munu í sveitarfélaginu og stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum.<sup>1</sup>

Við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins skal hafa til hliðsjónar markmið aðalskipulagsins.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem tekur til alls lands, vatns og hafs innan marka sveitafélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi:

- landnotkun
- byggðarþróun
- byggðamynstur
- samgöngu- og þjónustukerfi
- umhverfismál

Þar er einnig gerð grein fyrir takmörkunum á landnotkun s.s. vegna náttúruvár og verndar. Í aðalskipulagi er lagður grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags. Stefna um landnotkun skal rökstudd með vísun í sett markmið sveitarstjórnar, byggðarþróun undanfarinna ára og líklega framvindu sem gera þarf grein fyrir í skipulaginu.<sup>2</sup>

Í gildi er Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028, sem samþykkt var í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 13. október 2010 og staðfest af umhverfisráðherra þann 22. desember 2010.

## 1.2 ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS

Í 35. gr skipulagslaga nr. 123/2010 segir: „þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af því hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun aðalskipulagsins. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs aðalskipulags sé að ræða. Ef niðurstaða sveitarstjórnar er að aðalskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur það gildi sínu. Tilkynna skal Skipulagsstofnun um þá niðurstöðu.“

Árið 2014 fól Bæjarstjórn Fjallabyggðar, skipulags- og umhverfisnefnd að hefja vinnu við endurskoðun Aðalskipulags Fjallabyggðar 2008-2028. Helstu ástæður endurskoðunar eru breyttar forsendur í atvinnumálum, samgöngum og íbúafjölda, frá staðfestingu núgildandi aðalskipulags.

## 1.3 FRAMVINDA

Þegar vinna við gerð skipulags hefst skal taka saman lýsingu á fyrirhugaðri skipulagsvinnu þar sem fram koma áherslur sveitarstjórnar við skipulagsgerðina, upplýsingar um helstu forsendur og fyrirbyggjandi stefnu. Þar skal jafnframt gerð grein fyrir fyrirhuguðu skipulagsferli og kynningu og samráði við íbúa sveitarfélagsins og aðra hagsmunaaðila.

---

<sup>1</sup> gr. 4.1.1. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

<sup>2</sup> gr. 4.1.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Með gerð og kynningu lýsingar í upphafi verks er almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar, sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins.

Endurskoðað aðalskipulag verður uppfært í samræmi við ný skipulagslög nr.123/2010 og þær breytingar sem gerðar hafa verið á aðalskipulaginu frá staðfestingu þess árið 2010. Með nýjum lögum nr.123/2010 er lögð áhersla á aukna þátttöku almennings í skipulagsferlinu og áhersla lögð á sjálfbæra þróun og heildarsýn hvað varðar landnotkun, svo eitthvað sé nefnt. Sett verða fram skýrari ákvæði á þeim landnotkunarreitum þar sem stefna hefur verið ákvörðuð.

Aðalskipulagið verður sett fram í greinargerð og á uppdráttum. Greinargerðin mun skiptast í:

- forsendur
- skipulag, sem er stefna sveitarstjórnar eftir málaflokkum
- umhverfisskýrslu, sem er mat á mögulegum áhrifum með framgangi skipulagsins á náttúru og samfélag

Eftir opnun Héðinsfjarðarganga hafa ýmsar forsendur úr fyrra skipulagi breyst. Atvinnusvæði sveitarfélagsins hefur stækkað, ferðamönnum fjölgað og umferð um göngin aukist umfram spár<sup>3</sup>. Einnig hefur íbúafækkun stöðvast og byggðafesta aukist meðal unglunga og fullorðinna á aldrinum 26-40 ára<sup>4</sup>. Endurskoða þarf stefnu sveitarfélagsins í skipulagsmálum í samræmi við þessa þróun (t.d. fjölgun íbúða, atvinnuhúsnæði o.fl.).


---

<sup>3</sup> Þóroddur Bjarnason. 2015. Samgöngur og byggðapróun: Samfélagsleg áhrif Héðinsfjarðarganga. Íslenska Þjóðfélagið, 6, 5-34.

<sup>4</sup> Þóroddur Bjarnason og Kjartan Ólafsson. 2014. Skammtímaáhrif Héðinsfjarðarganga á mannfjöldapróun í Fjallabyggð. Íslenska Þjóðfélagið, 5, 25–48.,

## 1.4 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Endurskoðunin nær til sveitarfélagsins í heild sem er 364 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Það nær til tveggja þéttbýlisstaða, Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Skipulagsupprættir verða þrír þ.e. einn fyrir sveitarfélagið í heild og tveir fyrir sitt hvort þéttbýlið.



Mynd 1. Yfirlitskort yfir sveitarfélagið.

## 1.5 VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR

### VIÐFANGSEFNI

Núgildandi aðalskipulag Fjallabyggðar var unnið samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Endurskoðun skipulagsins verður unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagið sett fram í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Við endurskoðun skipulagsins verða áherslur og markmið endurskoðuð. Framsetningu skipulagsins veður breytt þannig að það nýtist enn betur sem stjórnþæki og verkfæri við uppbyggingu og þróun sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er tekið á breyttum forsendum, nýjum hugmyndum, atvinnutækifærum og þróunarkostum á lýðræðislegan hátt í samræmi við ákvæði skipulagslaga og er mikilvægt að framsetning skipulagsins sé með þeim hætti að slík þróun og breytingar, sem nauðsynlegar kunna að vera, verði auðveldar og markvissar.

Markmiðum og stefnu sveitarfélagsins verður að einhverju leyti mætt með ákvörðunum og ákvæðum í aðalskipulagi en einnig í deiliskipulagi og framkvæmdaáætlunum.

Meðal viðfangsefna við endurskoðun aðalskipulagsins eru eftirfarandi atriði:

### SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Markvisst verði unnið að fjölgun göngu- og hjólreiðastíga
- Bæta skal tengingar að opnum svæðum
- Reiðstígar verði merktir meðfram snjóflóðavarnargörðum
- Stefnt er að öruggum gönguleiðum skólabarna milli skóla, íþróttar og tómstunda
- Viðhalda flugvöllinum á Siglufirði fyrir ferðaþjónustu.
- Þyrlusvæði verði afmarkað í Ólafsfirði.

### BYGGÐ

- Endurmat landnýtingar við Pálsbergsgötu Ólafsfirði, breyta því í miðsvæði með möguleika á íbúðum.
- Stefnt er að þéttingu byggðar
  - Deiliskipuleggja skal auðar lóðir
- Landnotkun á landfyllingu norðan Siglufjarðar verður endurskoðuð.
- Hluta landsvæðis á Kleifum sem nú er skilgreint sem landbúnaðarland með hverfisvernd verði breytt í svæði fyrir frístundahús.

### UMHVERFI

- Svæði fyrir óvirkan úrgang í báðum byggðarkjörnum.
- Gert verði ráð fyrir landrými undir matjurta- og skólagarða í báðum bæjarkjörnum.
- Útivistarsvæði og stígar verði bættir t.d. með því að koma fyrir bekkjum og útítækjum til líkamsræktar.

## **ÁHERSLUR**

Áherslur skipulagsnefndar eru eftirfarandi:

- Sett verði fram skýrari ákvæði í aðalskipulag á þeim landnotkunarreitum þar sem stefna hefur verið ákvörðuð.

## **SAMGÖNGUR OG VEITUR**

- Stefnt er að háhraða internettengingu
- Áhersla á hraðatakmarkanir um þjóðveg í þéttbýli
- Efla almenningssamgöngur milli byggðarkjarna.

## **SAMFÉLAGSPÆTTIR**

- Að Fjallabyggð taki þátt í verkefni landlæknis: Heilsueflandi samfélag.

## **BYGGÐAMYNSTUR**

- Í deiliskipulagi nýrra íbúðarsvæða verði áhersla lögð á fjölbreytni í húsagerð og byggingu lítilla og meðalstórra íbúða.
- Í deiliskipulagsvinnu verði lögð áhersla á sjálfbærni með áherslu á vistvænar samgöngur.


## **UMHVERFI**

- Innleiða stefnu Staðardagskrár 21.
- Viðhalda og efla græn svæði í sveitarfélaginu og gera þau álitlegri til afþreyingar og útivistar.
- Bæta ásýnd óásjálegra mannvirkja.

## 2 HELSTU FORSENDUR


### 2.1 SAMFÉLAGSLEG ÞRÓUN

Í febrúar 2017 voru 2.038 íbúar í Fjallabyggð<sup>5</sup>. Undanfarna áratugi hefur fólksfækkun verið viðvarandi í sveitarfélaginu en frá árinu 2010 hefur íbúum fjölgað á ný (sjá mynd 1). Forsendur eru til staðar sem gefa vísendingar um áframhaldandi fólksfjölgun í Fjallabyggð. Má þar nefna uppgang í ferðapjónustu, uppbyggingu í verksmiðju- og framleiðslugreinum og opnun Héðinsfjarðarganga sem tengja Fjallabyggð betur við Eyjafjarðarsvæðið og stækkar þar með atvinnu- og þjónustusvæði sveitarfélagsins.



Mynd 2. Þróun íbúafjölda

Í gögnum frá Hagstofu Íslands frá 2015 má sjá að meðalaldur íbúa Fjallabyggðar er hár ef miðað er við meðaltal á landsvísu. Fjöldi íbúa á aldrinum 67 ára og eldri er 20% íbúa sveitarfélagsins, samanborið við 12% á landinu öllu<sup>6</sup> (sjá mynd 2).




Mynd 3. Aldursskipting í sveitarfélaginu og á landsvísu (2015).

<sup>5</sup> Íbúasýn Fjallabyggðar

<sup>6</sup> Hagstofa Íslands, 2015



Í þróun aldurspíramída frá 1998- 2016 má glögglega sjá að íbúar sveitarfélagsins eru að eldast. Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar til ársins 2030<sup>7</sup> er spáð mikilli fjölgun í aldursflokknum 67 ára og eldri og því hægt að gera ráð fyrir að hlutfall íbúa á þessum aldri í Fjallabyggð fari hækkandi. Mikilvægt er að gera viðeigandi ráðstafanir í uppbyggingu á húsnæði og þjónustu fyrir þann aldurshóp.




<sup>7</sup> Hagtíðindi 2013:2, 22. ágúst 2013. Spá um mannfjölda 2013-2060

Ekki hefur verið unnin mannfjöldaspá fyrir Fjallabyggð og verður því notast við **a)** mannfjöldaspá Hagstofu Íslands sem miðast við meðalfjölgun á landinu öllu og **b)** íbúatölur eftir opnun Héðinsfjarðarganga framreiknaðar til 2030.

- a) Í mannfjöldaspá Hagstofunnar er spáð að árleg meðalfjölgun landsmanna verði 1% en í árslok 2030 verður hún u.þ.b. 0,73%. Miðað við þessar forsendur verða íbúar Fjallabyggðar um 2300 árið 2030.
- b) Ef notast er við meðaltal íbúapróunar síðustu ára má gera ráð fyrir að íbúar verði ca. 2000 árið 2030. En þar er reiknað með að árleg fólksfækkun verði um 0,2%.

Af þessum útreikningum má í grófum dráttum áætla að íbúar í sveitarfélaginu verði um  $2150 \pm 150$  í lok skipulagstímabilsins. Í janúar 2017 voru þeir 2038.



Mynd 4. Fjöldi íbúa í Fjallabyggð og spár til 2030.

## 2.2 BYGGÐAÞRÓUN

Meðalfjöldi íbúa í hverri íbúð á Siglufirði er 1,8 en 2 í Ólafsfirði. Í sveitarfélaginu eru einbýlishús algengasta byggingaformið og algengasta stærð einbýlishúsa er á bilinu 150-200 m<sup>2</sup>. Húsnæði íbúa sem eru 60 ára og eldri er að meðaltali 153 m<sup>2</sup> að stærð. Miðað við aldursamsetningu sveitarfélagsins, íbúafjölda í hverri íbúð og fjölda og stærð einbýlishúsa má gera ráð fyrir að þörf verði fyrir litlar og meðalstórar íbúðir í rað-, par- og fjölbýlishúsum á skipulagstímabilinu.

Í úttekt á húsnæði og manntali sem gert var á Siglufirði og Ólafsfirði sumarið 2009 kom í ljós að á Siglufirði er 25% húsnæðis ekki nýtt til varanlegrar búsetu heldur sem frístundahúsnæði.<sup>8</sup> Nú þegar íbúum sveitarfélagsins er tekið að fjölga á ný er orðið vart við húsnæðisskort sem að einhverju leyti má rekja til þessa.

<sup>8</sup> Edward H. Huijbens, 2012

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir sex nýjum íbúðarsvæðum í sveitarfélaginu, þremur í hvorum byggðarkjarna. Búið er að deiliskipuleggja tvö ný íbúðarsvæði, eitt við Eyrarflöt á Siglufirði og annað á landfyllingu við Ólafsfjarðarvatn. Á þessum svæðum er gert ráð fyrir samtals 36 íbúðum í rað-, par- og einbýlishúsum. Fallið hefur verið frá íbúðarsvæði á Leirutanga (Í2) á Siglufirði þar sem gert var ráð fyrir ca. 123 nýjum íbúðum. Til að mæta þeim fjölda íbúða á Siglufirði er lagt til að skipulögð verði íbúðabyggð á gamla malarvellinum og þetta byggð á núverandi íbúðarsvæði og miðsvæði þar sem víða er að finna lausar lóðir. Einnig er nægt landsvæði fyrir nýja íbúðabyggð í Ólafsfirði.

Fyrir utan ný íbúðarsvæði sem búið er að deiliskipuleggja er hægt að finna í báðum byggðarkjörnum lausar lóðir sem eru skörð í bæjarmyndinni. Þegar fjöldi þessara lóða er tekinn saman er hægt að skipuleggja ca. 60-90 íbúðir á 47 lóðum á Siglufirði og ca. 20-40 íbúðir á 18 lóðum í Ólafsfirði.

Malarvöllurinn á Siglufirði hefur lengi verið illa nýtt svæði á besta stað í bænum. Hafin er vinna við deiliskipulag svæðisins.

## 2.3 EFNAHAGSLEG ÞRÓUN

Helstu atvinnugreinar í Fjallabyggð eru sjósókn og fiskvinnsla (um 30%), ferðaþjónusta og þjónustustörf (um 20%) og opinber stjórnsýsla<sup>9</sup>. Mikil aukning hefur verið á störfum tengdum ferðaþjónustu milli ára en aukning ferðamanna til Íslands hefur aukist verulega á síðustu árum og er búist við að sú aukning haldi eitthvað áfram næstu árin<sup>10</sup>. Markvisst hefur verið unnið að því að auka ferðaþjónustu í sveitarfélaginu t.d. með byggingu nýs hótels og opnun nýrra veitingastaða. Einnig er unnið að uppbyggingu nýs golfvallar og fjallaskíðamennska hefur verið að sækja í sig veðrið undanfarið. Framleiðslufyrirtæki munu auka umsvif sín í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu og má því gera ráð fyrir töluverðri aukningu starfa ef áætlanir ganga eftir.

Eftir að Héðinsfjarðargöng voru opnuð árið 2010 hefur íbúum sveitarfélagsins tekið að fjölga á ný eftir stöðuga fækkun. Á sama tíma hefur fjöldi ferðamanna á Íslandi aldrei verið meiri og aukning á störfum tengdum ferðaþjónustu og framleiðslu og iðnaði í Fjallabyggð.

Ekki hefur verið unnin sérstök atvinnustefna í Fjallabyggð.

## 2.4 GRUNNÁSTAND UMHVERFIS

### STAÐHÆTTIR

Fjallabyggð er nyrst á Tröllaskaga og nær yfir 364 km<sup>2</sup> landsvæðis. Láglandi er lítið eins og nafn sveitarfélagsins ber með sér en fjöll og jökulsorfnir dalir einkenna mjög landslagið. Þrír firðir eru í sveitarfélaginu:

- Siglufjörður
- Héðinsfjörður
- Ólafsfjörður

---

<sup>9</sup> Hagstofa Íslands, 2017

<sup>10</sup> Íslandsbanki, 2017

## SIGLUFJÖRÐUR

Siglufjörður gengur til suðvesturs inn í Tröllaskaga, umgirtur um 600 – 900 metra háum fjöllum á þrjá vegu. Fjörðurinn er um 8 km langur frá Siglunesi og inn í fjarðarbotn Fjarðararóss. Breiðastur eru fjörðurinn í fjarðarmynninu nyrst, um 3 km. Undirlendi er í botni fjarðarins og á Þormóðseyri þar Siglufjarðarkaupstaður stendur. Eyrin, sem nefnd er eftir landnámsmanninum Þormóði ramma, er lág og þarf að taka tillit til þess í deiliskipulagsvinnu og byggingu nýrra húsa. Hún nær um 400 m út í fjörðinn og er um 600 m að lengd. Eitt besta skipalægi á Íslandi var við sunnanverða eyrina.

Inn í fjallgarðinn ganga þrjú stuttir dalir:

- Skarðsdalur er grynstur og gengur til vesturs. Leiðin um Siglufjarðarskarð liggur um hann og þar er einnig skíðasvæði Siglfirðinga.
- Hólsdalur er dýpstur og gengur í suður. Um hann rennur Fjarðará sem er árspræna með litlu rennissviði.
- Skútudalur gengur til suðausturs. Um Hestskarð og Skútudal voru samgöngur við Héðinsfjörð meðan hann var í byggð.

Vegur liggur vestur fyrir Stráka í gegnum Strákagöng yfir í Skagafjörð.

## HÉÐINSFJÖRÐUR

Héðinsfjörður gengur inn á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, þröngur og girtur bröttum fjöllum. Fjörðurinn er 5 km að lengd og 2 km að breidd. Víkursandur er sjávarkambur þvert yfir botni fjarðarins. Innan við kambinn er 2,7 km langt sjávarlón sem nefnist Héðinsfjarðarvatn.

Tveir dalir ganga innst inn úr Héðinsfirði, þ.e. Ámárdalur og Afrétt.

## ÓLAFSFJÖRÐUR

Ólafsfjörður er syðstur og austastur þessara þriggja fjarða í Fjallabyggð. Hann er 5 km langur og skerst til suðvesturs milli Hvanndalabjargs og Ólafsfjarðarmúla. Þéttbýlið Ólafsfjörður stendur á sandrifi í fjarðarbotninum. Innan við þéttbýlið er um 14 km langur dalur með ákveðnu búsetulandslagi. Neðst í dalnum er Ólafsfjarðarvatn, 2,5 km<sup>2</sup> stöðuvatn. Inn af megin dalnum ganga a.m.k. 9 minni dalir sem margir hverjir greinast í enn aðra minni. Helstu dalir fjarðarins eru:

- Ytri-Árdalur
- Skeggjabrekkudalur sem er vinsælt útivistarsvæði
- Kvíabekkjardalur

Vestan megin út með firðinum, við Ytrárdal, eru Kleifar lítið undirlendi þar sem áður var umtalsverð byggð, landbúnaður og útgerð.

Ólafsfjarðarmúli er 415 m sæbratt fjall nyrst og austast í firðinum en um hann lá fjallvegur yfir í Eyjafjörð en í dag eru þar jarðgöng.

## **NÁTTÚRUFAR**

Gróðurfar í sveitarfélaginu er fjölbreytt og einkennist af snjóþunganum sem þar ríkir á veturnum auk votlendis og mýrargróðurs. Sjaldgæfar plöntur á landsvísu eru óvenju útbreiddar en þó eru engar plöntur á valista.

Mikið fuglalíf er í Fjallabyggð allt árið um kring. Fjölbreytilegasta fuglalífið á Siglufirði er í kringum Leirurnar, flæðisanda innst í firðinum.<sup>11</sup> Fuglalíf í fjörðunum einkennist af mófuglum sem búa í lyngmóum og graslendi. Í flóanum inn af Héðinsfjarðarvatni eykst á fjölbreytileikann þegar komið er inn á búsvæði vatnafugla.

Ólafsfjarðarvatn er á náttúruminjaskrá. Lífríki Ólafsfjarðarvatns er mjög fjölskrúðugt og einstakt hvað varðar vistsamsetningu. Það er lagskipt með fersku og söltu vatni og sums staðar eru hlý vatnslög og er það á náttúruminjaskrá vegna þessara eiginleika. Vatnið er um 2,5 km<sup>2</sup> að flatarmáli; um 3 km á lengd og um 1 km á breidd þar sem það er breiðast. Allbreitt rif skilur vatnið frá sjónum og er ós úr því til sjávar. Ólafsfjarðarkaupstaður stendur að hluta til á þessu rífi. Að jafnaði er mikil bleikjuveiði í vatninu og vatnasviði þess og benda rannsóknir til þess að þar megi finna bleikju með þrenns konar lífsferla. Vegna eiginleika vatnsins veiðast þar margar aðrar fiskitegundir, sjávar- og vatnategundir, jafnt sumar sem vetur.<sup>12</sup>

## VATNSVERNDARSVÆÐI

Vatnsból Fjallabyggðar eru fjögur talsins, tvö á Siglufirði og tvö í Ólafsfirði:

- Á Siglufirði er beisluð neðanjarðarlind í brún Hvanneyrarskálar.
- Í Hólsdal (áreyrum Fjarðarár) eru brunn-, grann-, og fjarsvæði sem vatnsverndarsvæði.
- Rétt norðan við þéttbýlið í Ólafsfirði, norðan við Brimnesá, er vatnsból og kemur vatnið úr Gvendarskál Múlakollu. Verndarsvæði vatnsbólsins er hlíðin ofan við og setfyllingar í Gvendarskál. Fjarsvæði eru fjallshlíðar í skálinni og fjallstindurinn ofan við.
- Á Brimnesdal er vatnsból og er verndarsvæði þess urðartungan ofan og framan við vatnsbólið og upp í fjallshlíðina. Fjarsvæðið nær upp á efstu fjallseggjá<sup>13</sup>.

Þessi svæði eru vernduð samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sbr. breytingu með reglugerð nr. 533/2001, vegna takmarkandi landnotkunar og nýtingar á þessum svæðum.

## VATNSGÆÐI

Ekki er talin þörf á að skilgreina og flokka vatn í sveitarfélaginu nema þann strandsjó sem er virkur viðtaki frárennslis þéttbýlisstaðanna. Hönnun og frágangur við fráveitu í sveitarfélaginu miðar að því að uppfylla þessi skilyrði<sup>14</sup>. Unnið er nú að endurnýjun fráveitu, lengingu útrása og uppsetningu á fyrsta stigs hreinsun í útrásarbrunnnum. Þessu verkefni verður lokið árið 2018 ef framkvæmdaáætlun gengur eftir.

Í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra er stefnt að flokkun vatnsgæða og tímasettri áætlun um verndun strandlengjunnar í botni Siglufjarðar, í botni Héðinsfjarðar og við ós Ólafsfjarðarvatns á skipulagstímabilinu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og sbr. fylgiskjal 2 með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Gert er ráð fyrir að sem

<sup>11</sup> Fjallabyggð, 2009

<sup>12</sup> Bjarni Jónsson, 2001

<sup>13</sup> Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028

<sup>14</sup> Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028

langtímamarkmið fyrir strandsjó nærri þéttbýli skuli stefnt að því að hann sé í flokki A (ósnortið vatn), nema visst þynningarsvæði við útrásarop fráveitunnar. Annað vatn í sveitarfélaginu skuli ná mörkum til að falla undir flokk A, til lengri tíma litið<sup>15</sup>.

## **MENNINGARMINJAR**

Í gildandi aðalskipulagi eru skilgreind tvö hverfisverndarsvæði. Annað nær til eldri byggðar á Þormóðseyri, Siglufirði og hitt nær til Kleifa í Ólafsfirði þar sem áhersla er lögð á að vernda heildarásýnd svæðisins og búsetulandslag.

Uppi eru hugmyndir landeigenda á Kleifum í Ólafsfirði að hluti svæðisins sem nú er skilgreint sem landbúnaðarland með hverfisvernd verði breytt í svæði fyrir frístundahús.

Unnið er að tillögu að verndarsvæði í byggð þar sem tekið er fyrir svæðið á Þormóðseyri sem skilgreint er sem hverfisverndarsvæði. Svæðið afmarkast af Aðalgötu til suðurs, Norðurgötu til austurs, Eyrargötu til Norðurs og Grundargötu til vesturs. Skilgreindir verða þeir þættir í svipmóti byggðarinnar sem mikilvægt er að varðveita og settir skilmálar sem tryggja verndun þess.

Hverfisverndarsvæðin verða endurskoðuð.

## **NÁTTÚRUVÁR**

### JARÐSKJÁLFTAR

Fjallabyggð og nágrenni er á jarðskjálftasvæði og er innan svæðis þar sem jarðskjálftavá er talsvert hærri en gengur og gerist. Jarðskjálftabelti liggur úti fyrir mynni Eyjafjarðar og annað belti liggur um Fljótin og yfir Tröllaskagann um Dalvík. Fjallabyggð er mitt á milli þessara belta og er á hönnunarhröðunarsvæði 0,40 g miðað við 500 ára meðalendurkomutíma sem er hæsti áhættuflokkur.

### OFANFLÓÐ

Hætta á snjóflóðum er einkum samfara snjókomu í austanátt en einnig getur safnast snjór í hlíðar ef mikil snjócoma verður í logni eða hægum vindi. Aurflóðahætta er mest samfara mikilli rigningu eða hláku.

### **Siglufjörður**

Stór hluti byggðarinnar á Siglufirði er á snjóflóðahættusvæði. Vegna legu fjarðarins þá lagar vindur á láglandi sig eftir honum og því er oft norðaustan átt í norðlægum áttum. Ekkert manntjón er skráð af völdum snjóflóða í þéttbýlinu þar sem nú er Siglufjarðarbær. Nokkrum sinnum hefur þó litlu mátt muna og í sumum tilfellum hafa orðið verulegar skemmdir á mannvirkjum.

Ýmis varnarvirki, garðar og stoðvirki, hafa verið reist til að koma í veg fyrir snjóflóð í hlíðum ofan þéttbýlisins og eru stærstu mannvirkin leiðigarðurinn Stóri Boli og þvergarðarnir Skálarrípill og Bakkarípill.

### **Ólafsfjörður**

Heimildir segja að snjóflóð hafa ekki verið algeng í hlíðum ofan Ólafsfjarðarbæjar en þau eru tíð handan fjarðarinnar og innar í firðinum þar sem þau hafa valdið bæði mann- og eignatjóni. Aurflóð eru hins vegar

---

<sup>15</sup> Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028

algengur skaðvaldur í kaupstaðnum og nágrenni hans. Eftir aurflóð sem áttu sér stað 1988 voru grafnir skurðir í laus jarðlög í hlíðinni til þess að ræsa fram grunnvatn og draga með því úr hættu á aurflóðum.

### **Héðinsfjörður**

Snjóflóð hafa víða fallið í Héðinsfirði, en tíðni þeirra er misjöfn. Þau eru yfirleitt þurr flóð, sem falla í norðlægri stórhrið.

### **Skíðasvæðin í Skarðsdal og Hólsdal**

Mörg snjóflóð hafa fallið í Skarðsdal svo sögur fara af og árið 1995 féll stórt snjóflóð úr norðurhlíð dalsins sem eyðilagði upphafsstöð og lyftuhús neðstu skíðalyftunnar. Í Hólsdal er skál sem talin er vera ein af hættulegustu upptaksvæðum landsins. Hættumat hefur verið gert fyrir skíðasvæðin af Veðurstofu Íslands.

### **Sjávarflóð**

Siglunes er nyrsta nesið milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar. Tangi sem gengur vestur úr nesinu fyrir mynni Siglufjarðar er skilgreindur sem svæði undir náttúruvá sökum ágangs sjávar. Siglunes og Hellan sem teygir sig til vesturs virkar sem náttúrulegur öldubrjótur og skýlir Siglufjarðarhöfn fyrir úthafsöldu. Siglingastofnun hefur fylgst með þróun svæðisins og sýna mælingar að breidd þessa ness er aðeins 55% af því sem var árið 1945. Er það einungis 25,6 m þar sem það er mjóst. Reiknar Siglingastofnun með að skarð geti komið í nesið eftir um 50-70 ár.

## **2.5 SAMGÖNGUMÁL OG VEITUR**

Ólafsfjarðarvegur tengir Dalvík við Ólafsfjörð um Múlagöng í austri, Múlagöng voru opnuð 1990. Héðinsfjarðargöng eru tvö jarðgöng sem tengja saman þéttbýlin í Ólafsfirði og Siglufirði um Héðinsfjörð. Siglufjarðarvegur tengir Siglufjörð við Fljótin og Sauðárkrók í Skagafirði um Strákagöng.

Með tilkomu Héðinsfjarðarganga breyttust forsendur byggðarlaganna mikið. Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á samfélagslegum áhrifum ganganna og má nefna að eftir sjö ára rannsókn hefur umferð aukist umfram spár. Talsverð vinnusókn er nú á milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar og íbúar sækja viðburði, verslun og þjónustu á milli bæjarkjarnanna. Siglufjörður er nú orðinn hluti ferðamannasvæðis Eyjafjarðar og áfangastaður ferðamanna milli Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins. Gisting ferðamanna hefur þó ekki aukist og spár um aukna umferð á hringleið um Skagafjörð og Eyjafjörð ekki gengið eftir.<sup>16</sup>

Togara- og smábátahafnir eru í báðum bæjunum. Stækkun Bæjarbryggju á Siglufirði er nýlokið þar sem stærri skip geta nú lagst að bryggju.

Vatnsveita Siglufjarðar fær vatn undan Fjarðará innarlega í Hólsdal. Einnig eru lindir í hlíðinni neðan Hvanneyrarskálar. Rarik fær heitt vatn úr borholum í Skútudal og Skarðsdal.

Vatnsveita Ólafsfjarðar fær vatn frá Brimnesdal og úr lind við Múlaveg og Hornbrekku. Norðurorka fær heitt vatn úr borholum að Laugarengi sem þarf að dæla. Sjálfrennandi vatn kemur úr borholu í Skeggjabrekkudal.

---

<sup>16</sup> Þóroddur Bjarnason, 2015.

## 2.6 LÝÐHEILSA OG HEILSUSTEFNA

Ekki hefur verið gerð sérstök stefna um lýðheilsu íbúa sveitarfélagsins en gert er ráð fyrir þátttöku sveitarfélagsins í verkefni landlæknis um heilsueflandi samfélag á skipulagstímabilinu. Í skipulagsmálum verður lögð áhersla á að efla vistvænar samgöngur. Vegalengdir innan þéttbýliskjarnanna eru litlar og fjarlægðir henta vel gangandi og hjólandi umferð til vinnu og skóla. Bæta þarf einnig göngu- og hjólaleiðir til útivistar og líkamsræktar utan þéttbýlis og stuðla þannig að bættri lýðheilsu íbúa.

## 2.7 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR OG STEFNUR

### AÐALSKIPULAG

Í gildi er Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028, sem samþykkt var í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 13. október 2010 og staðfest af umhverfisráðherra þann 22. desember 2010.

Frá staðfestingu skipulagsins hafa verið gerðar eftirfarandi breytingar á því:

- Iðnaðarsvæði við Háveg á Siglufirði breytt í íbúðarsvæði.
- Íbúðarsvæði á Siglufirði merkt „Tanginn“ verður opið svæði til sérstakra nota og óbyggt svæði.
- Athafna- og hafnarsvæði við Þormóðseyri Siglufirði. Afmörkun hafnarsvæðis nær í sjó fram, ný landfylling færð inn á uppdráttinn og að auki gert ráð fyrir aukinni landfyllingu. Hafnarsvæði á landi stækkar og afmarkað er nýtt athafnasvæði.
- Hitaveituborhola og ný hitaveitulögn í Skarðsdal að þéttbýlinu á Siglufirði.
- Íbúðar- og athafnasvæði við Múlaveg Ólafsfirði breytt í athafnasvæði og stækkað örlítið á kostnað aðliggjandi íbúðarsvæðis.
- Hliðrun á reiðleið við Kleifarveg og Ósbrekku í Ólafsfirði.
- Breytt landnotkun við Hornbrekkubót í Ólafsfirði úr verslun og þjónustu í opið svæði til sérstakra nota.

### SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR 2012-2024

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 var staðfest 7. október 2013.

Svæðisskipulagið nær til allra sveitarfélaga við Eyjafjörð en þau eru Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandahreppur og Grýtubakkahreppur. Skipulagið nær einkum til eftirfarandi málaflokka:

- Byggðapróun og byggðamynstur
- Landnotkun
- Samgöngu- og þjónustukerfi
- Takmörkun á landnotkun

Stefnt er að því að flutningslínur raforku verði einnig skilgreindar í svæðisskipulaginu og er undirbúningur þess hafinn.

Markmið svæðisskipulagsins sem hafa áhrif á aðalskipulag Fjallabyggðar:

- Leggja skal áherslu á hagkvæmt byggðamynstur sem dregur úr þörf fyrir bílaumferð og bætir forsendur fyrir almenningssamgöngur svo og gangandi og hjólandi vegfarendur.



- Taka skal mið af markmiðum um varðveislu góðs landbúnaðarlands við staðarval og skipulag byggðar.
- Gert er ráð fyrir jarðgöngum úr Burstabrekkudal í Ólafsfirði í Karlsárdal utan Dalvíkur.
- Gert er ráð fyrir jarðgöngum milli Siglufjarðar og Fljóta.
- Göngu- og hjólaleiðir verði milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, þar sem kostur er, auk tenginga við nærliggjandi héruð. Samræmingar verði gætt í aðalskipulagi sveitarfélaganna.
- Reiðleiðir (stofnleiðir) verði milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, þar sem kostur er, auk tenginga við nærliggjandi héruð. Samræmingar verði gætt í aðalskipulagi sveitarfélaganna.

Helstu viðfangsefni skipulags- og umhverfisnefndar við endurskoðun aðalskipulags Fjallabyggðar eru í samræmi við gildandi svæðisskipulag þar sem m.a. er lagt upp með að efla almenningssamgöngur milli byggðarkjarna og vinna markvisst að eflingu göngu- og hjólaleiðastíga.

Í núverandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir nýjum jarðgöngum úr Burstabrekkudal í Ólafsfirði í Karlsárdal utan Dalvíkur og á milli Siglufjarðar og Fljóta.

### **AÐALSKIPULAGSÁÆTLANIR AÐLIGGJANDI SVEITARFÉLAGA**

Aðliggjandi sveitarfélög eru Skagafjörður í vestri og Dalvíkurbyggð í suðri. Í samræmi við 3. mgr. 28. gr skipulagslaga nr. 123/2010 þá skal gætt að samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.

#### AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020

Sameiginleg skipulagsmál eru vegakerfi, raflínur, ljósleiðarar og verndarákvæði. Náttúruverndarsvæði í Múlanum í Dalvíkurbyggð mætir náttúruverndarsvæði í Fjallabyggð.

#### AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR 2009-2021

Göng milli Fljóta og Siglufjarðar eru fyrirhuguð á skipulagstímabilinu.

### **MENNINGARSTEFNA FJALLABYGGÐAR**

Á fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar þann 19. maí 2009 var samþykkt Menningarstefna Fjallabyggðar. Markmið stefnunnar sem tengja má aðalskipulagsvinnu sveitarfélagsins eru eftirtalin:

- Menningarmál skulu viðurkennd sem mikilvægur liður í lífsgæðum íbúa, búsetuskilyrðum og uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu.
- Markvisst skal unnið að uppbyggingu aðstöðu til menningarstarfs, svo sem húsnæðis safna og húsnæðis fyrir menningarviðburði.
- Bæjarstjórn Fjallabyggðar skal kappkosta að skapa menningarlífi sveitarfélagsins gott og snyrtilegt umhverfi og umgjörð.
- Unnið skal að endurbótum á mannvirkjum menningarstofnana sveitarfélagsins og leitað til menntamálaráðuneytis um stuðning við einstök verkefni.
- Leitast verður við að auka möguleika á uppbyggingu atvinnutengdrar menningarstarfsemi.
- Hugað verður að aðstöðu til sköpunar fyrir fræða- og listafólk svo Fjallabyggð verði ákjósanleg til búsetu fyrir þessa hópa.
- Sveitarfélag, fyrirtæki og einstaklingar verða hvött til að hlúa að miðbæjum byggðakjarnanna í Fjallabyggð til að skapa aðlaðandi og líflegt mannlíf og eftirsóknarvert umhverfi til menningarlífs.

## **FRÍSTUNDASTEFNA FJALLABYGGÐAR**

Á fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar þann 19. maí 2009 var samþykkt Frístundastefna Fjallabyggðar. Markmið stefnunnar sem tengja má aðalskipulagsvinnu sveitarfélagsins eru eftirtalin:

- Íbúar skulu hvattir til að stunda heilbrigða útivist, líkamsrækt og annað frístundastarf þar sem áhersla er lögð á heilbriggt lífni og samvistir fjölskyldunnar.
- Unnið skal að uppbyggingu göngu- og hjólréiðastíga í þéttbýli og nágrenni þess.
- Tekið skal mið af möguleikum til frístundastarfs við gerð aðalskipulags og uppbyggingu í umhverfismálum.
- Fjallabyggð ætlar að styðja við uppbyggingu á góðri aðstöðu fyrir allt frístundastarf. Áhersla skal lögð á að viðhalda mannvirkjum sem til staðar eru. Fjallabyggð stefnir að því að íþróttaaðstaða og mannvirki verði byggð upp eftir kröfum nútímans og verði sambærileg því sem gerist í öðrum byggðarlögum.

## **2.8 AÐRAR ÁÆTLANIR**

### **BYGGÐAÁÆTLUN 2014- 2017**

Meginmarkmið með framkvæmd áætlunarinnar verði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstök áhersla verði lögð á stuðning við svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Þá verði lögð áhersla á að aðgerðir samkvæmt áætluninni stuðli að auknu jafnrétti kynjanna.

### **SAMGÖNGUÁÆTLUN 2011 – 2022**

Samgönguáætlunin felur í sér stefnu sem unnið skal eftir í samgöngumálum á árunum 2011 – 2022. Hún felur í sér stefnumótun í samgöngumálum og markmið sem unnið skal að. Skilgreining á grunnneti samgöngukerfisins nær til alls landsins og er ætlað að tryggja landsmönnum greiðar samgöngur. Í samgönguáætluninni er áætlun um fjáröflun til samgöngumála og yfirlit yfir útgjöld til allra helstu þátta í rekstri samgöngustofnana, viðhalds, öryggismála og nýframkvæmda á sviði flug-, siglinga- og vegamála.

Í áætluninni eru m.a. lögð fram markmið sem sum hver verða unnin í samvinnu við sveitarfélög og taka má tillit til við stefnumótun aðalskipulags t.d.:

#### **MARKMIÐ UM UMHVERFISLEGA SJÁLFBÆRAR SAMGÖNGUR**

Aukin áhersla verður lögð á almenningssamgöngur, göngu og hjólréiðar með þau markmið að leiðarljósi að draga úr umhverfisáhrifum, samgöngukostnaði og auka nærþjónustu við borgarana. Með áætluninni verði dregið úr mikilvægi einkabíla, ásamt því að draga úr orkuþörf samgangna og breyta ferðavenjum.

#### **MARKMIÐ UM ÖRYGGI Í SAMGÖNGUM**

Vegfarendum verði tryggt öruggt og heilnæmt umhverfi, óháð ferðamáta. Sérstaklega verði hugað að öryggi samgöngumáta, t.d. hjólréiða, sem fara hratt vaxandi og slysatíðni er óljós.

#### **MARKMIÐ UM JÁKVÆÐA BYGGÐAÞRÓUN**

Samgöngur tengja saman fólk og byggðir. Í samræmi við sóknaráætlun og svæðaskiptingu landsins verði við forgangsroðun framkvæmda tekið mið af þörfum einstakra svæða fyrir bættar samgöngur til að efla

sveitarfélög, styrkja hvert svæði og landið allt. Stytting ferðatíma, uppbygging vega með bundnu slitlagi og gerð jarðganga til að leysa af hólmi erfiða fjallvegi skapa betri skilyrði fyrir jákvæða byggðapróun og eflingu einstakra atvinnu- og þjónustusvæða.

Áætlunin verður höfð til hliðsjónar við endurskoðun aðalskipulagsins en engar framkvæmdir í sveitarfélaginu eru á fjárhagsáætlun samgönguáætlunar.

## **NÁTTÚRUMINJASKRÁ**

Í sveitarfélaginu eru tvö svæði á náttúruminjaskrá, Ólafsfjarðarvatn og fjalllendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar.

501. Fjalllendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, (423), Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu. (1) Hálandi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðvegur nr. 1 á Öxnadalshéiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. (2) Hálandur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálandið liggja fornar leiðir milli byggða.

539. Ólafsfjarðarvatn, Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu. (1) Vatnið allt ásamt ósi. (1) Strandvatn, 270 ha. Mjög sérstætt náttúrufrýrbrigði. Ferskt vatn flýtur ofan á söltu og verkar sem gler í gróðurhúsi á neðri lög. Mikið og fjölbreytt lífríki.<sup>17</sup>

## **HÆTTUMAT VEGNA OFANFLÓÐA**

Hættumat vegna ofanflóða á Siglufirði var staðfest af umhverfisráðherra 11.janúar 2002. Hættumat vegna ofanflóða í Ólafsfirði var staðfest af umhverfisráðherra 13. maí 2005. Hættumat fyrir skíðasvæðið í Skarðsdal á Siglufirði unnið af Veðurstofu Íslands í september 2011. Öll verða þau höfð til hliðsjónar við endurskoðun aðalskipulagsins.

## **VELFERÐ TIL FRAMTÍÐAR – SJÁLFBÆR ÞRÓUN Í ÍSLENSKU SAMFÉLAGI**

Í áherslum skipulags- og umhverfisnefndar vegna endurskoðunar aðalskipulagsins er eitt af viðfangsefnum skipulagsins að innleiða stefnu Staðardagskrár 21. Velferð til framtíðar er stefnumörkun stjórnvalda til ársins 2020 um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Þar er að finna lista yfir allar þær aðgerðir sem grípa þarf til til að hrinda markmiðum sjálfbærrar þróunar í framkvæmd. Verður hún höfð til hliðsjónar við stefnumörkun Staðardagskrár 21.

## **2.9 ALÞJÓÐLEGAR STEFNUR**

Við mat á umhverfisáhrifum verða eftirtaldar alþjóðlegu stefnur hafðar til hliðsjónar:

### **RAMSARSAMNINGURINN UM VOTLENDI**

Markmið samningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.

---

<sup>17</sup> Umhverfisstofnun

## **SAMNINGUR UM LÍFFRÆÐILEGA FJÖLBREYTNÍ**

Markmið samningsins er að vernda líffræðilega fjölbreytni og að stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda. Jafnframt er það markmið samningsins að stuðla að sanngjarnari skiptingu þess hagnaðar sem hlýst af nýtingu erfðaauðlinda sem og aðgangi að þeim og tækni til að nýta þær.

### 3 MATSLÝSING

Skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 verður umhverfisskýrsla endurskoðuð samhliða endurskoðun aðalskipulags. Umhverfisskýrsla skal hafa að geyma þær upplýsingar sem sanngjarnt er að krefjast að teknu tilliti til þeirrar þekkingar sem er til staðar, þekktra matsaðferða, efnis og nákvæmni áætlunarinnar og stöðu áætlunarinnar í stigskiptri áætlanagerð. Þar skal gerð grein fyrir niðurstöðu matsins og forsendum þess.

Yfirlit um efni skipulagsáætlunar, tengsl við aðrar áætlanir og upplýsingar um grunnástand má lesa í kaflanum *Helstu forsendur*.

#### 3.1 ÁHRIFAVALDAR, VALKOSTIR OG SAMRÁÐ

Matsskyldar og tilkynningaskyldar framkvæmdir eru áfram fyrirhugaðar í aðalskipulaginu s.s. jarðgöng milli Siglufjarðar og Skagafjarðar um Fljót og jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur um Karlsárdal. Einnig eru áformaðar landfyllingar, en efni í þær mun að mestu koma úr fyrirhuguðum jarðgöngum. Stærðir landfyllinga verða endurskoðaðar í skipulaginu. Áfram verður fyrirhuguð stækkun á núverandi virkjun í Burstabrekkudal, s.k. Kerahnjúkavirkjun.

Notast verður við valkostamat við ákvarðanatöku t.d. um landnotkun, stærð landfyllinga, staðarval o.þ.h. í matinu verða kostir bornir saman innbyrðis og við óbreytt ástand. Kostirnir verða bornir saman m.t.t. umhverfispátta með aðstoð gátlista. Samanburður á kostum verður settur fram í yfirlitstöflum.

#### 3.2 UMHVERFISÞÆTTIR, MAT OG SAMRÁÐ

Valdir hafa verið umhverfisþættir sem metnir verða í umhverfisskýrslu vegna mögulegra áhrifa af skipulagsáætluninni. Val umhverfispátta verður endurskoðað við gerð skýrslunnar í samræmi við hugmyndir skipulagstillögunnar.

Umhverfispáttur	Ítarflokkun	Áhrifavaldar
Líf í sjó	<ul style="list-style-type: none"><li>gróður, dýr og búsvæði</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>landfyllingar</li></ul>
Líf á landi	<ul style="list-style-type: none"><li>gróður, dýr og búsvæði</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>stækkun á virkjun</li></ul>
Heilsufar íbúa		<ul style="list-style-type: none"><li>aðgengi að stígum</li><li>aðgengi að útivistarsvæðum</li><li>heilsueflandi samfélag</li></ul>
Öryggi	<ul style="list-style-type: none"><li>snjóflóðahætta, ágangur sjávar og umferðaröryggi</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>veglínur</li><li>ný íbúðarsvæði</li></ul>
Efnahagur og atvinnulíf	<ul style="list-style-type: none"><li>staðbundið, áhrif frá aðliggjandi sveitarfélögum</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>jarðgöng</li><li>atvinnuframboð</li><li>atvinnuþátttaka</li><li>uppbygging atvinnusvæða</li></ul>
Íbúapróun	<ul style="list-style-type: none"><li>íbúafjöldi og íbúasamsetning</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>jarðgöng</li><li>atvinnuframboð</li><li>uppbygging atvinnusvæða</li><li>húsnæðisframboð</li><li>hækkandi meðalaldur</li></ul>

Félagslegt umhverfi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• verslun og þjónusta, samfélagsþjónusta, útivist og tómstundir, samgöngur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• framboð á þjónustu</li> <li>• aðgengi að t.d. leikskóla, skóla og heilsugæslu</li> <li>• aðgengi að útivistarsvæðum</li> <li>• framboð tómstunda</li> <li>• jarðgöng</li> </ul>
Byggð og efnisleg verðmæti	<ul style="list-style-type: none"> <li>• íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, vegir og veitur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• ástand bygginga og grunnvirkja</li> <li>• íbúápróun</li> <li>• uppbyggingarmöguleikar</li> </ul>
Menningarminjar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• fornminjar og hverfisvernd</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• skráðar fornminjar</li> <li>• hverfisverndarsvæði</li> </ul>
Náttúruminjar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• svæði á náttúruminjaskrá</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• svæði á náttúruminjaskrá</li> </ul>

Umhverfisáhrif verða í meginatriðum metin sem:

- verulega jákvæð
- talsvert jákvæð
- óveruleg
- talsvert neikvæð
- verulega neikvæð
- óviss

Í umfjöllun um hvern umhverfisþátt verður einkennum áhrifa lýst með lykilhugtökum á borð við:

- bein/óbein
- varanleg/tímabundin
- afturkræf/óafturkræf
- samvirk/sammögnuð

Uppbygging og innihald umhverfisskýrslu verður í samræmi við 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Valkostir og hugsanleg áhrif verða sett fram af skipulagsráðgjöfum í samvinnu við viðeigandi sérfræðinga og stofnanir t.d. Byggðastofnun, Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, Framtíðarsetur Íslands, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veðurstofu Íslands og Vegagerðina.

Bæjarstjórn ásamt skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar mun leggja mat á valkostina og þannig taka upplýstar ákvarðanir við gerð skipulagsins.

### 3.3 VIÐMIÐ OG UMHVERFISVERNDARMARKMIÐ

Viðmið eru þeir mælikvarðar sem notaðir eru við mat á útfærslu skipulagsins. Til grundvallar umhverfismati áætlunarinnar verður notast við eftirtalin viðmið:

- Viðeigandi lög og reglugerðir
- Fyrirliggjandi áætlanir sbr. kaflann *Tengsl við aðrar áætlanir og stefnur*
- E.t.v. verða fleiri viðmið skoðuð, allt eftir því hvaða kostir verða greindir og metnir

## 4 KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI

Skipulags- og umhverfisnefnd tók ákvörðun um endurskoðun Aðalskipulags Fjallabyggðar 2008-2028 á fundi sínum þann 24. september 2014.

Skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 verður lýsing skipulagsáætlunar send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum í upphafi verks. Lýsingin verður auglýst í staðarblaði sem borið verður út á hvert heimili sveitarfélagsins eða með öðrum fullnægjandi hætti. Hún mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins og verða aðgengileg á heimasíðu þess [www.fjallabyggd.is](http://www.fjallabyggd.is). Umsagnaraðilum og almenningi verður þannig gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins.

Kynningarbæklingur þar sem lýsingin verður kynnt og farið yfir fyrirhugaða endurskoðun aðalskipulagsins verður dreift á öll heimili sveitarfélagsins.


Í framhaldi verður unnin skipulagstillaga og umhverfisskýrsla sem kynnt verður á íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt. Fullunnin skipulagstillaga og umhverfisskýrsla verður síðan auglýst á landsvísu skv. 31. skipulagslaga nr. 123/2010. Þá verður gefinn kostur á athugasemdum í a.m.k. sex vikur.

Að athugasemdafresti loknum mun skipulags- og umhverfisnefnd yfirfara athugasemdir sem kunna að berast. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytinga á skipulagstillögunni skal hún auglýst að nýju.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu skipulagsins. Samþykkt skipulags verður sent Skipulagsstofnun, sem birtir auglýsingu um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt skal afgreiðsla sveitarstjórnar send þeim sem athugasemdir gerðu.

Auglýsing, samþykkt og afgreiðsla aðalskipulags verður í samræmi við 31. og 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### 4.1 TÍMAÁÆTLUN



## Umsagnaraðilar

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Veitustofnanir og -fyrirtæki
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Vegagerðin
- Isavia
- Veðurstofa Íslands, ofanflóðasvið

## 4.2 ÁBENDINGAR, TILLÖGUR OG SJÓNARMÍÐ

Á kynningartíma lýsingarinnar verður almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar, tillögur og sjónarmið um fyrirhugaða endurskoðun aðalskipulagsins. Þær skulu vera skriflegar og berast í síðasta lagi 25. október 2017 á skrifstofu Fjallabyggðar, Gránugötu 24, 580 Siglufirði, eða á netfangið [iris@fjallabyggd.is](mailto:iris@fjallabyggd.is).

## 5 HEIMILDASKRÁ

---

Bjarni Jónsson (2001). Veiðimálastofnun, Reykjavík.

[Edward H. Huijbens 2012. Sustaining a village's social fabric? \[Stuðningur við félagsgerð þorpsins\]. \*Sociologica Ruralis\*, 52, 332-352.](http://byggdathroun.is/hedinsfjardargong/helstu-nidurstodur/) <http://byggdathroun.is/hedinsfjardargong/helstu-nidurstodur/>

Fjallabyggð (2009). Sótt í október 2009. [www.fjallabyggd.is](http://www.fjallabyggd.is)

Ólafur K. Nielsen. (2001). Fuglalíf við vegstæði í Héðinsfirði og Ólafsfirði. Reykjavík: Vegagerðin á Akureyri.

Umhverfisstofnun. Sótt í mars 2015.

<http://ust.is/einstaklingar/nattura/naturuminjaskra/nordvesturland/>

[Þóroddur Bjarnason. 2015. Samgöngur og byggðapróun: Samfélagsleg áhrif Héðinsfjarðarganga. \*Íslenska þjóðfélagið\*, 6, 5-34.](http://byggdathroun.is/hedinsfjardargong/helstu-nidurstodur/) <http://byggdathroun.is/hedinsfjardargong/helstu-nidurstodur/>

Hagstofa Íslands. (2017). *Atvinna í Fjallabyggð*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.